

T I L L A G A

til þingsályktunar um úttekt á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af Bryndísi Möllu Elíadóttur, Gísla Jónassyni,
Guðmundi Þór Guðmundssyni og Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur
Frsm. Gísli Jónasson

Kirkjuþing beinir því til kirkjuráðs að gerð verði úttekt á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að kirkjum og öðru því húsnæði þar sem starf þjóðkirkjunnar, stofnana hennar og einstakra safnaða fer fram. Í framhaldi af því verði síðan unnin áætlun um það, hvernig bæta megi aðgengið þar sem því er áfátt. Kirkjuráð skili niðurstöðum þessarar úttektar og áætlunargerðar til kirkjuþings 2020.

Greinargerð.

Ljóst er að aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að kirkjum og öðru húsnæði þar sem starf þjóðkirkjunnar, stofnanna hennar og safnaða fer fram, er víða ófullnægjandi. Á þetta sérstaklega við um eldra húsnæði, en því miður einnig í einhverjum tilvikum um nýtt eða nýlegt húsnæði. Of oft virðist sem hugsunarleysi og/eða vanþekking valdi því, að í þessu húsnæði og umhverfi þess leynast erfiðar eða jafnvel óyfirstíganlegar hindranir, sem í mörgum tilfellum mætti bæta úr með tiltölulega auðveldum hætti. Á þetta hefur framsögumaður þessarar tillögu margoft rekið sig á eftir að hann varð sjálfur hreyfihamlaður.

Því miður virðist sem við Íslendingar séum almennt nokkuð á eftir nágrannaþjóðum okkar hvað aðgengismál hreyfihamlaðra og fatlaðra varðar. Hlýtur það því að vera mikilvægt að kirkjan sýni gott fordæmi með því að hafa frumkvæði að því að bæta úr þessum málum í húsnæði sínu.

Sem dæmi um þau atriði sem þarf að huga að má nefna:

Sérmerkt bílastæði, kantsteina, óþörf og/eða handriðalaus þrep (utandyra sem innan), rampa að inngöngum, erfiðar og þungar hurðir, háa þröskulda, aðgengi að snyrtingum og öll aðstaða á þeim, aðgengi milli hæða, þar sem um fleiri en eina hæð er að ræða, og möguleiki á þátttöku hreyfihamlaðra í altarisgöngum og öðrum athöfnum.

Til að hrinda þeirri úttekt af stað, sem hér er lögð til, mætti t.d. hugsa sér að fela sérstökum starfshópi að útbúa gátlista, með leiðbeiningum, sem próföstum væri síðan falið að fylla út í samráði við sóknarnefndir og aðra aðila (ef við á) í sínum prófastsdæmum. Síðan mætti vinna aðgerðaráætlun um úrbætur út frá niðurstöðum slíkrar úttektar.